

Aðalfundur Sunddeildar Keflavíkur 2013.

Ég vil byrja á því að fara yfir okkar helstu styrktaraðila en án þeirra væri ekki hægt að reka deildina í núverandi mynd, það eru Landsbankinn, Nettó og Speedo.

Árið 2013 var gott ár hjá sunddeild Keflavíkur. Eins og undanfarin ár vorum við í samstarfi með sunddeild UMFN og saman erum við besta unglingslið landssins og urðum við aldursflokkameistarar á Aldursflokkameistaramóti Íslands (AMÍ) 2013 með töluverðum yfirburðum. Sundárið hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin þrjú ár. Við höldum lokahóf þriðja árið í röð þar sem veitt voru verðlaun fyrir mætingu og árangur ársins 2012 og tókst það mjög vel. Við gefum út fréttabréf einu sinni í mánuði þar sem sundmenn mánaðarins eru valdir í öllum flokkum og í öllum laugum og kemur það út á heimasíðu okkar www.keflavik.is/sund. Að gefa út svona blað er mikil vinna og vil ég þakka þeim sem koma að því kærlega fyrir því þarna er góð leið fyrir foreldra og sundmenn að fylgjast með því mikla starfi sem við höldum úti. Æfingardagarnir voru á sínum stað en þá koma okkar yngstu sundmenn og fá að æfa í Vatnaveröld. Þar fá þau að sjá aðra þjálfara og að kynnst því að æfa í stóru lauginni okkar því oft hefur það verið þeim erfitt að koma úr litlu hverfislaugunum okkar og byrja að æfa í stóru lauginni og hafa þessir æfingadagar mælst virkilega vel fyrir.

Í apríl keppti lið 30 ungra sundmanna frá Keflavík á Íslandsmeistaramótinu í 25 metra laug og vann liðið okkar 2 gull, 8 silfur og 10 brons. Ólöf Edda Eðvarðsdóttir varð Íslandsmeistari í 200 metra fjórsundi og í 400 metra fjórsundi, frábært hjá henni. Baldvin og Þröstur náðu lágmarkum fyrir Ólympíudaga Evrópuæskunnar í Hollandi, einnig náði Íris Ósk lágmarkum á Mare Nostrum í 3 greinum. Það var líka frábært að einn af sundmönnum okkar sem syndir erlendis, Davíð Hildiberg, var valinn í liðið sem fór á Smáþjóðaleikana. Á garpamótinu keppti Sigmar Björnsson og vann hann 2 gull á IMOC-opna Íslandsmótinu í Garpasundi í 100 og 200 metra bringusundi.

Við höldum okkar árlega Landsbankamót um miðjan maí. Mótið gekk í alla staði vel og var það með svipuðu sniði og undanfarin ár þar sem okkar yngstu sundmenn fá að njóta sín í lauginni á föstudeginum og svo er endað í hinum sívinsæla sjóræningjaleik um kvöldið og allir fá sinn þátttökupening. Eldri sundmennirnir kepptu svo á laugardeginum og sunnudeginum og stóðu allir sig mjög vel. Of langt mál er að fara yfir þá sem unnu til verðlauna á þessu móti en hægt er að finna öll úrslit á mótum okkar á heimasíðunni okkar www.keflavik.is/sund. Eins og undanfarin ár kepptu yfir 500 sundmenn á mótinu frá 14 félögum. Eins og áður fóru svo sundmenn í bíó á milli hluta og var mikil og góð stemning á mótinu. Til að halda mót af þessum stærðargráðum er

nauðsynlegt að hafa samstilltan hóp foreldra en við hjá sunddeildinni eru heppin að hafa frábært fólk sem skilar þessari vinnu ár eftir ár með miklum sóma. Við viljum þakka öllum sem lögðu hönd á plóginn; foreldrum, starfsfólki Vatnaveraldar, starfsfólki Myllubakkaskóla, starfsfólki Holtaskóla, starfsfólki Skólamatar og okkar helstu styrktaraðilum, Landsbankanum, Reykjanesbæ, Nettó og Sigurjóni í Sigurjónsbakaríi.

Eftir að móti lauk var svo glæsilegt lokahóf og uppskeruhátíð í hátíðarsal FS. Þangað mættu yfir 200 manns til kvöldverðar og fjölmargar viðurkenningar og verðlaun voru afhent. Veitt voru verðlaun eftir hvatningarkerfi okkar og einnig voru verðlaunaðir sundmenn hvers aldursflokks fyrir sig.

Í lok maí áttum við einn sundmann á Smáþjóðarleikunum en það var hann Davíð Hildiberg. Hann varð í öðru sæti og fékk því silfur í 100 m baksundi. Davíð var einnig hluti af boðsundsveit Íslands sem setti nýtt Íslandsmet í 4x200 skriðsundi og urðu þeir í öðru sæti. Davíð var svo í annarri boðsundsveit 4x100 m skriðsundi þar sem þeir enduðu í þriðja sæti.

Um miðjan júní var svo komið að UMÍ þar sem við sýndum að við erum með fremsta unglingsaliðið á landinu. UMÍ helgin var sigursæl fyrir okkar sundmenn. Lið 12 sundmanna á aldrinum 15-20 ára keppti á mótinu auk þess sem yngri sundmenn, Svanfríður Steingrímsdóttir og Sylwia Sienkiewicz syntu á mótinu til þess að reyna við landsliðslágmörk. ÍRB vann 64 verðlaun, 27 gull, 26 silfur, 11 brons. Ólöf Edda Eðvarðsdóttir vann 400 m fjórsund mjög sannfærandi og setti í leiðinni nýtt stúlknamet á tímanum 5:02.33 með 707 FINA stig. Með þessu sundi tryggði hún sér sæti á EMU. Íris Ósk Hilmarsdóttir fylgdi svo á eftir og vann auðveldlega 200 m baksund á tímanum 2:19.85 með 710 FINA stig og náði um leið lágmarki inn á EMU. Íris Ósk vann bikarinn fyrir stigahæstu sundin í flokki 15-17 ára og Kristófer Sigurðsson vann bikarinn fyrir stigahæstu sundin í flokki 18-20 ára. Kristófer synti frábært 200 m skriðsund og náði 693 FINA stigum.

Í lok júní fór Aldursflokkameistaramót Íslands (AMÍ) fram á Akureyri. Okkar frábæra lið sigraði keppnina með miklum yfirburðum. Við unnum 71 gull, 42 silfur og 2 brons. Í lok móts vorum við með samtals 1016 stig. Í öðru sæti varð Ægir með 563 stig og SH í því þriðja með 365 stig. Nokkur afreksverðlaun eru alltaf afhent á lokahófi AMÍ og í ár hlutu tvær stúlkur úr Keflavík verðlaun en það voru þær Íris Ósk Hilmarsdóttir sem var stigahæst í stúlknafllokki og í meyjaflokki var Jóhanna Matthea Jóhannesdóttir stigahæst.

Um miðjan júlí fóru þær Ólöf Edda og Íris Ósk til Póllands og kepptu þar á EMU. Báðar stóðu þær sig vel á þessu sterka mótinu og voru að synda við sína bestu tíma. Hápunktur mótsins fyrir ÍRB var bæting Ólafar Eddu á tíma sínum í 200 m

bringusundi en hún bætti tíma sinn um u.þ.b. sekúndu og náði besta tíma í þessari grein í fyrsta sinn í nærri tvö ár.

Norðurlandameistaramót æskunnar, NMÆ, var í ár haldið í Reykjavík í júlí og var mótið fyrir stúlkur fæddar 2000 og 1999 og stráka fædda 1998 og 1997. Tveir sundmenn frá Keflavík náðu lágmarkum til þess að keppa en það voru þau Þröstur Bjarnason og Sylwia Sienkiewicz, en því miður gat Sylwia ekki keppt þar sem hún var ekki á landinu. Þröstur varð í þriðja sæti í 1500 m skriðsundi og bætti tíma sinn um rúmlega 6 sek og bætti hann einnig tímana sína í 200 skrið, 400 skrið og í 400 fjór.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar (EYOF) var í ár haldin í Utrecht í Hollandi í júlí. Tveir sundmenn frá Keflavík þau Baldvin Sigmarsson og Svanfríður Steingrímsdóttir kepptu á hátíðinni. Baldvin bætti sig um 4 sek í 400 fjór á fyrsta degi mótsins og bætti með því opna Keflavíkurmetið í karlaflokki. Honum gekk einnig vel á síðasta deginum og bætti hann sig um 2 sek í 200 fjór. Baldvin keppti einnig í 200 flug og var hann þar á nánast sama tíma og hann átti. Svanfríður keppti einnig á mótinu og stóðu hún sig ágætlega þrátt fyrir að kvefpest og smá veikindi á mótinu.

Már Gunnarsson stóð sig afar vel á Norðurlandamóti fatlaðra í Stokkhólmi í byrjun nóvember. Már keppti í fjórum greinum og bætti sig verulega í þeim öllum. Hann vann líka silfur í 4x50 fjórsund boðsundi. Flottur árangur hjá honum. Már æfir með Háhyrningum hjá Steindóri. Innilega til hamingju með árangurinn Már.

Það sást vel á ÍM25 hve ÍRB hefur vaxið á síðastliðnu ári. Þennan góða árangur má þakka margra ára góðri vinnu. Íslandsmeistaramótið var haldið í Ásvallalaug og stóð það í þrjá daga. Lið ÍRB var skipað 30 sundmönnum og var það fjölmennasta liðið á mótinu. Undanrásir voru syntar á morgnanna og úrslit síðdegis. ÍRB þrefaldaði fjölda verðlauna síðan 2012 en okkar sundfólk vann samtals 41 verðlaun núna um helgina og vann ÍRB flest verðlaun bæði í karla og kvennaflokki. Við áttum næstflesta Íslandsmeistara karla og vorum í þriðja sæti í fjölda Íslandsmeistara kvenna, þetta er mjög góður árangur hjá okkar unga liði en sundmenn okkar á mótinu voru 11-18 ára. Í heildina vorum við með 31% allra verðlauna sem veitt voru á mótinu.

Við tókum einnig þátt í mörgum smærri mótum eins og Gullmóti KR, Stórmóti SH, Ármansmóti og fleiri mótum þar sem sundmenn okkar komu allstaðar vel fyrir, stóðu sig vel og voru sjálfum sér og félagi okkar til mikillar sóma. Hægt er að sjá úrslit þessara móta hér <http://keflavik.is/sund/keppni/urslit/>. Það hefur

verið mikið fjör í kringum starfið okkar í ár og sundliðið okkar hefur verið að gera virkilega góða hluti í ár. Einnig hefur þeim farið fjölgandi sem hafa verið að synda með unglingslandslíðum okkar og er það merki um það góða starf sem unnið er í deildinni og þeim frábæru þjálfurum sem við höfum í okkar röðum en óhætt er að segja að við erum með frábæra þjálfara innan okkar raða. Framtíðin er því björt hjá okkur í Sundráði ÍRB.